

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

*Deiliskipulag Kirkjubæjarklaustri, læknisbústaður.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 14. janúar 2020 deiliskipulag á Kirkjubæjarklaustri við læknisbústað á svæði sem skilgreint er sem íbúðarbyggð (ÍB-2) og opinber þjónusta (S-4) í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag en heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 1,23 ha. Deiliskipulagið tekur til íbúðarbyggðar en fyrir er á svæðinu Heilbrigðisstofnun Suðurlands og eitt íbúðarhús, læknisbústaðurinn.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 26. ágúst 2020.*

**Ólafur E. Júlíusson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.